




30. janúar 2024

## OPINBERIR VERKKAUPAR BOÐA RÍFLEGA TVÖFÖLDUN Í ÚTBOÐUM VERKLEGRA FRAMKVÆMDA

Áætluð heildarupphæð í fyrirhuguðum útboðum verklegra framkvæmda þeirra tíu opinberu aðila sem taka þátt á Útboðsþingi SI 2024 nemur á þessu ári samtals 204 milljörðum króna sem er meira en tvöföldun á raunverulegum útboðum síðasta árs þegar heildarútboð námu 89 milljörðum króna. Það skýrist helst af því að ekki varð af stórum hluta útboða sem kynnt voru á Útboðsþingi SI á síðasta ári.

Á Útboðsþingi SI 2023 voru kynnt áform níu aðila um fyrirhuguð útboð fyrir 173 milljarða króna á því ári en í lok ársins var hins vegar aðeins búið að bjóða út verkefni fyrir 88 milljarða króna hjá þeim aðilum. Útboð síðasta árs voru því 84 milljörðum króna eða 49% minni en boðað var á Útboðsþingi SI í fyrra. Þetta er mikill munur og undirstrikar að áform um útboð sem boðuð eru á þinginu eru ekki föst í hendi og ber því að taka þeim með fyrirvara. Einnig er rétt að árétta að verkefni sem fara í útboð á árinu geta komið til framkvæmda á næstu árum.

### Útboð opinberra aðila Í milljörðum króna




\* Fyrirhuguð útboð fyrir árið 2023 inniheldur ekki tölur frá Rarik þar sem Rarik tók ekki þátt í Útboðsþingi það ár.

Áætluð fjárfesting í framkvæmdum opinberra aðila á þessu ári er 175 milljarðar króna sem er um 31 milljörðum króna meira en áætlað er að þessir opinberu aðilar fjárfestu fyrir á árinu 2023. Aukningin á milli ára er 22%. Með fjárfestingu er átt við þær verklegu framkvæmdir sem ráðist er í á viðkomandi ári.

Fyrirhuguð fjárfesting í framkvæmdum á árinu 2023 sem kynntar voru á Útboðsþingi 2023 námu 131 milljörðum króna en nýjar tölur sem kynntar eru á þinginu nú gefa til kynna að þessir sömu aðilar hafi fjárfest á árinu fyrir um 138 milljarða króna, sem er 7 milljörðum króna eða 5% meira en kynnt var á Útboðsþingi SI 2023. Sýnir þetta að fyrirhugaðar fjárfestingar á árinu sem kynntar eru á þinginu eru ágætis vísbending um hvert raunverulegt umfang þessara framkvæmda mun verða. Nýr þátttakandi á þinginu í ár, Rarik, hífir svo raunfjárfestingu síðasta árs upp í 144 milljarða króna.

### Fjárfesting opinberra aðila Í milljörðum króna



\*Samtala áætlaðrar fjárfestingar fyrir árið 2023 inniheldur ekki tölur frá Rarik þar sem Rarik tók ekki þátt í Útboðsþingi það ár.

Að mati Samtaka iðnaðarins er mikilvægt að fjárfesting í efnahagslega mikilvægum innviðum sé næg og viðhaldi þeirra sinnt en með því er rennt stoðum undir hagvöxt framtíðarinnar. Ofangreind aukning í fjárfestingum og útboðum er því jákvætt framlag til hagvaxtar bæði á þessu ári og lítið til framtíðar.

## MIKLAR FRAMKVÆMDIR FYRIRHUGAÐAR – UMTALSVERÐ AUKNING Í FYRIRHUGUÐUM ÚTBOÐUM MILLI 2023 OG 2024

Umfangsmestu útboð þessa árs boða Landsvirkjun, Vegagerðin og Nýr Landspítali (NLSH). Landsvirkjun fyrirhugar útboð fyrir 100 milljarða króna á þessu ári en á síðasta ári námu raunútboð Landsvirkjunar aðeins um 500 milljónum króna. Útboð sem boðuð voru af Landsvirkjun á síðasta ári að fjárhæð 46 milljarða króna gengu ekki eftir vegna tafa á leyfisveitingum framkvæmda. Landsvirkjun áætlar þ.a.l. að þau verkefni verði boðin út á þessu ári til viðbótar við önnur ný verkefni sem stefnt er að bjóða út á árinu.


Vegagerðin áformar útboð fyrir um 25 milljarða króna á árinu sem er lækkun frá fyrirhuguðum útboðum á síðastliðnu ári en þá stefndi stofnunin á að bjóða út verkefni fyrir um 35 milljarða króna en útboð fyrir 30 milljarða króna raungerðust á árinu. Á höfuðborgarsvæðinu áformar Vegagerðin að bjóða út vinnu við Fossvogsbrú á þessu ári í gegnum Samgöngusáttmálann auk annars áfanga við Kjalarnes, útboðsverkefni sem metin eru á rétt tæplega 11 milljarða króna. Umfangsmestu útboð stofnunarinnar utan höfuðborgarsvæðisins verða á Vesturlandi þar sem stefnt er að því að bjóða út 6 verkefni að heildarfjárhæð rúmlega 7,5 milljarð króna.

NLSH stefnir nú á að bjóða út verkefni fyrir um 21,5 milljarða króna á árinu, en það er nokkur aukning frá því sem boðað var á síðasta ári þegar áætlanir gerðu ráð fyrir að verkefni fyrir um 16 milljarða króna yrðu boðin út. Helstu verkefni til útboðs á vegum NLSH eru þakfrágangur og innri frágangur meðferðarkjarna, uppsteypa og utanhússfrágangur á húsi Heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands auk gatna-, veitna- og lóðagerðar við Hringbraut. Þá stefnir NLSH á að bjóða út tvö verkefni utan Hringbrautarverkefnisins, þ.e. framkvæmdaútboð vegna nýbyggingar Grensáss og fullnaðarhönnunarverkefni vegna Sjúkrahúss Akureyrar.

Landsnet boðar umfangsmeiri útboð á árinu eða 17,3 milljarða króna samanborið við áætlun síðasta árs upp á 13,4 milljarða króna. Hins vegar raungerðust aðeins útboð að fjárhæð 9,5 milljarða króna á vegum stofnunarinnar í fyrra af þeim 13,4 milljörðum króna sem boðaðar höfðu verið. Landsnet hyggst m.a. bjóða út ný tengivirki, breytingar á loftlínunum og lagningu jarðstrengja. Isavia boðar einnig aukningu á áætluðum útboðum ársins eða 6,7 milljarða króna samanborið við 5 milljarða króna áætluð útboð í fyrra. Isavia bauð hins vegar út verklegar framkvæmdir að fjárhæð 6,7 milljarða króna á síðasta ári eða 1,7 milljarði króna meira en áætlað hafði verið.

### Fyrirhuguð útboð verklegra framkvæmda

Í milljörðum króna



Aðrir opinberir aðilar boða umfangsminni útboð á árinu samanborið við áætlanir síðasta árs og má þar helst nefna Framkvæmdasýsluna – Ríkiseignir (FSRE) þar sem eru boðuð útboð að fjárhæð 11 milljörðum króna í ár samborið við 35,1 milljarð króna í fyrra eða samdrátt upp á 24,1 milljarða króna. Stofnunin bauð þá aðeins út verklegar framkvæmdir að fjárhæð 1,9 milljarða króna á síðasta ári af þeim 35,1 milljörðum króna sem boðaðar höfðu verið. Helstu verkefni sem áhrif hafa á þann mismun sem boðaður var á síðasta þingi og raungerðust ekki eru útboð vegna nýs Húss viðbragðsaðila höfuðborgarsvæðisins og endurbætur og viðbygging við fangelsið á Litla-Hrauni auk þess sem tilboð bærust ekki í hjúkrunarheimili sem boðin voru út á síðasta ári. Þá stefna Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu á að bjóða út framkvæmdir að fjárhæð 13,5 milljarða króna samborið við 13,4 milljarða króna sem boðaðar voru á sama tíma í fyrra en raunútboð SSH urðu þó yfir áætlunum þar sem boðnar voru út framkvæmdir á vegum samtakanna að fjárhæð 16,7 milljörðum króna á síðasta ári. Útboðsframkvæmdir einstakra sveitarfélaga eru í uppbyggingu og endurbótum húseigna, íþróttamannvirkjum, gatnasvæðum og í veitumálum. Þá boðar Reykjavíkurborg útboð fyrir um 8 milljarða króna á komandi ári sem er lægri upphæð en fyrir ári síðan þegar fyrirhuguð útboð töldu 9,1 milljarð króna.


Rarik, sem er nýr þátttakandi á Útboðsþingi SI, boða útboð að fjárhæð 1,4 milljarða króna samanborið við raunútboð að fjárhæð 1,2 milljarða króna á síðasta ári. Þess má geta að Veitur, sem taka þátt í Útboðsþingi SI 2024, gefa ekki upp hve umfangsmikil útboð þeirra verða á árinu 2024.

## ÚTBOÐ Í FYRRA LANGT UNDIR ÁÆTLUN

Á Útboðsþingi SI í fyrra voru kynnt áform um útboð fyrir 173 milljarða króna á því ári. Niðurstaðan var hins vegar sú að boðin voru út verkefni fyrir 88 milljarða króna hjá sömu aðilum og kynntu útboð á þinginu í fyrra. Útboðin í fyrra voru því 85 milljörðum króna eða 49% minni en boðað var á Útboðsþingi SI í fyrra. Þetta er mikill munur og undirstrikar að áform um útboð sem boðuð eru á þinginu eru ekki föst í hendi og ber því að taka með þeim fyrirvara.

### Fyrirhuguð útboð og raunútboð verklegra framkvæmda 2023

Í milljörðum króna



Mestu munar um að áætluð útboð Landsvirkjunar og FSRE voru 79 milljörðum króna undir áætlun. Skýrir munurinn hjá þessum tveimur stofnunum því 90% af muninum í áætluðum og raunútboðum opinberra aðila í fyrra. Annars vegar kynnti Landsvirkjun útboð fyrir 46 milljarða króna á Útboðsþingi SI í fyrra en niðurstaðan varð 0,5 milljarðar króna. Ástæður þessa mikla munar eru, eins og hér að framan segir, tafir í

útböðum Landsvirkjun vegna leyfisveitinga sem urðu til þess að ekki varð af framkvæmdum við virkjanakosti. Hins vegar kynnti FSRE útböð fyrir 35,1 milljarð króna á Útböðspingi SI í fyrra en niðurstaðan varð 1,9 milljarðar króna. Ástæða er t.a.m. sú að verkefni tengd Húsi viðbragðsaðila höfuðborgarsvæðisins og endurbætur og nýbyggingar fangelsisins á Litla-Hrauni voru ekki boðin út á árinu eins og stefnt var að og ekki bærust tilboð í útböð stofnunarinnar vegna byggingu hjúkrunarheimila.

Flestir útböðsaðilar sem voru á Útböðspingi SI í fyrra enduðu á að bjóða út fyrir lægri fjárhæðir á árinu. Undantekningar eru Isavia og SSH. Útböð Isavia voru 6,7 milljarðar króna á árinu en voru boðuð 5 milljarðar króna á Útböðspingi SI og útböð SSH 16,6 milljarðar króna en voru boðuð 13,4 milljarðar króna þingi síðasta árs.

## AUKNAR FJÁRFESTINGAR Í OPINBERUM FRAMKVÆMDUM


Vegagerðin boðar umfangsmestu framkvæmdirnar á þessu ári. Áætlað er að fjárfesta fyrir 32 milljarða króna sem er aukning frá því í fyrra ef áætlanir ná fram að ganga en fyrir árið 2023 var gert ráð fyrir að fjárfest yrði fyrir 23 milljarða króna þar sem raunfjárfesting stofnunarinnar í verklegum framkvæmdum síðasta árs var heldur yfir áætlunum eða 30,6 milljarðar króna. Af fjárheimildum stofnunarinnar fyrir árið í ár eru 13,7 milljarðar króna til nýframkvæmda og 12,8 milljarðar króna til viðhaldsverkefna. Viðhaldsframkvæmdir eru á þessu ári áætlaðar undir metinni viðhaldspörf kerfisins.

Að mati Samtaka iðnaðarins er áframhaldandi uppsöfnuð viðhaldspörf vegakerfisins mikið áhyggjuefni enda er viðhaldspörfin töluverð nú þegar. Þar að auki er nýfjárfestingarpörf umtalsverð í vegakerfinu sem ekki er unnt að sjá að verði mætt á næstunni. Ófullnægjandi fjárfesting í vegakerfinu mun koma niður á hagvexti lítið til framtíðar. Á árinu mun vinna við tvöföldun Reykjanesbrautar halda áfram við Krísuvíkurveg yfir Hvassahraun sem og vinna við Arnarnesveg auk þess eru víða um land minni styrkingar- og endurbótaverkefni.

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) áætla að fjárfesta fyrir rúma 27 milljarða króna sem er aukning frá því í fyrra þar sem gert var ráð fyrir að sveitarfélögin myndu fjárfesta fyrir 24,5 milljarða króna. Raunfjárfesting SSH í verklegum framkvæmdum síðasta árs nam 22,4 milljörðum króna. Meðal þess sem er í áætlunum sveitarfélaganna fyrir árið er gatnagerð á nýjum íbúða- og iðnaðarsvæðum, margvíslegar nýframkvæmdir, endurbætur og viðhaldsverkefni tengd lóðum, lýsingu, útivistarstígum, gangstéttum og vegum og margvíslegar framkvæmdir tengdar vatns- og fráveitu og stofnlögnum svo fátt eitt sé nefnt.

### Áætluð fjárfesting í verklegum framkvæmdum

Í milljörðum króna



NLSH fyrirhugar að bæta í fjárfestingu á milli ára en boðuð fjárfesting í framkvæmdum á árinu nemur 23 milljörðum króna samanborið við 20 milljarða króna sem áætlað var að fjárfesta fyrir í fyrra en raunfjárfesting ársins í fyrra nam 13 milljörðum króna. Uppsteypa og utanhúsfrágangur á húsi Heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands, nýbygging Grensás auk gatna-, veitna- og lóðagerðar við Hringbraut eru meðal þeirra verkefna sem ráðist verður í á árinu.


Veitur boða aukningu í fjárfestingu verklegra framkvæmda ársins þar sem stefnt er að rúmlega 18 milljörðum króna samanborið við 15,5 milljörðum króna í áætlun ársins í fyrra. Raunfjárfesting Veitna á síðasta ári í verklegum framkvæmdum nam 14,5 milljarði króna. Landsnet stefnir einnig að mikilli aukningu í verklegum fjárfestingum á milli ára þar sem stofnunin boðar nú 17,5 milljarða króna fjárfestingu samanborið við 11 milljarða króna á síðasta ári. Raunfjárfesting Landsnets á síðasta ári var hins vegar þó nokkuð undir boðaðri áætlun í fyrra þar sem stofnunin fjárfesti í verklegum framkvæmdum að fjárhæð 6,7 milljarðar króna. Að lokum boða Isavia aukningu í fjárfestingu verklegra framkvæmda þar sem stefnt er að 15,3 milljörðum króna samanborið við 10,8 milljörðum króna í áætlun síðasta árs. Raunfjárfesting Isavia var þó yfir áætlunum síðasta árs þar sem fjárfestingar vegna verklegra framkvæmda á síðasta ári nam 13,7 milljörðum króna.

Tveir opinberir aðilar boða samdrátt í verklegum framkvæmdum sé tekið mið af áætlunum síðasta árs. Landsvirkjun áætlar að fjárfesta í verklegum framkvæmdum að fjárhæð 7 milljarðar króna samanborið við 7,2 milljarða króna í fyrra en sé tekið mið af raunfjárfestingu Landsvirkjunar í fyrra að fjárhæð 6,2 milljarðar króna reiknar Landsvirkjun með aukinni fjárfestingu upp á tæpan milljarð. Reykjavíkurborg stendur að mestu leyti í stað frá áætlunum síðasta árs þar sem stefnt er að fjárfestingu að fjárhæð 18,7 milljarða króna á þessu ári samanborið við 18,9 milljarða króna í fyrra. Raunfjárfesting Reykjavíkurborgar í fyrra nam hins vegar 19,7 milljörðum króna.

Rarik, sem er nýr þátttakandi í Útboðsþingi SI, boða fjárfestingu í verklegum framkvæmdum fyrir 6,3 milljarða króna samanborið við 6 milljarða króna raunfjárfestingu á síðasta ári. FSRE stefnir að fjárfestingu fyrir 10,1 milljarða króna samanborið við 11 milljarða króna raunfjárfestingu í fyrra en FSRE skilaði ekki inn áætlun um fjárfestingu í verklegum framkvæmdum á síðasta þingi vegna áætlana síðasta árs. Er því ekki unnt að bera saman áætlanir þessara tveggja ára hvað varðar fjárfestingu í verklegum framkvæmdum.

### Fyrirhuguð fjárfesting og raunfjárfesting í verklegum framkvæmdum 2023

Í milljörðum króna



## Yfirlit yfir helstu fjárhæðir útboða og fjárfestinga í verklegum framkvæmdum í milljörðum króna

	Áætlun 2023		Raun 2023		Áætlun 2024	
	Útboð	Framkvæmdir	Útboð	Framkvæmdir	Útboð	Framkvæmdir
Isavia	5,0	10,8	6,7	13,7	6,7	15,3
Landsvirkjun	46,0	7,2	0,5	6,2	100,0	7,0
Reykjavík	9,1	18,9	8,5	19,7	8,0	18,7
Veitur	-	15,5	-	14,5	-	18,1
Vegagerðin	35,0	23,0	30,0	30,6	25,0	32,0
FSRE	35,1	-	1,9	11,0	11,0	10,1
NLSH	16,0	20,0	14,0	13,0	21,5	23,0
Landsnet	13,4	11,0	9,5	6,7	17,3	17,5
SSH	13,4	24,5	16,6	22,4	13,5	27,2
Rarik	-	-	1,2	6,0	1,4	6,3
<b>Samtals</b>	<b>173,0</b>	<b>130,9</b>	<b>88,9</b>	<b>143,8</b>	<b>204,4</b>	<b>175,2</b>